



Stjórnarfundur 7. nóvember 2013, nr. 24

Fundurinn er haldinn í Vonarlandi, Tjarnarbraut 39e á Egilsstöðum.

Mætt: Valdimar O. Hermannsson, Sverrir Mar Albertsson, Þórunn Eymundardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Stefán Bogi Sveinsson og Gauti Jóhannesson. Einnig er mættur Karl Sölvi Guðmundsson framkvæmdastjóri og fundarritari Anna Dóra Helgadóttir. Rögnvaldur Ólafsson og Auður Ingólfssdóttir boða forföll. Adolf Guðmundsson boðar forföll á síðustu stundu.

Valdimar setur fund klukkan 15.05 og fer yfir ástæður forfalla fundarmanna.

Dagskrá:

1. Fundargerðir stjórnar- og framkvæmdaráðs, staðfestar og undirritaðar.
 2. Fjármál Austurbrúar, yfirferð á stöðu ofl.þ.h. (ADH)
 3. Skýrsla framkvæmdastjóra um stöður ýmissa mála... (KSG)
 4. Fulltrúar fagráðs Abr., mæta til fundar við stjórn (sjá bókun í fg. fagráðs)
 5. Greinagerð starfshóps (þorpið ofl.) staðan og næstu skref
 6. Húsnæðismál Austurbrúar, Vonarland og starfsstöðvar.
 7. Auðlindin Austurland – ráðstefna – stutt endurmat....
 8. Önnur mál,..... erindi, bréf ofl.þ.h.
 - Fundir með þingmönnum NA, og fjárlaganeft Alþingis ofl. ofl.
-
1. **Fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðs – staðfest og undirrituð**
Rætt um birtingu fundargerða og þá sérstaklega fundargerðir framkvæmdaráðs.
Fundargerðir stjórnar eru birtar á heimasíðu Austurbrúar en fundargerðir framkvæmdaráðs eru birtar á svæði á sharepoint sem stjórnarmenn hafa aðgang að.
 2. **Fjármál Austurbrúar ses.**

Anna Dóra fulltrúi fjármála fer yfir fjármál. Í yfirlitinu kemur fram að áætlað tap ársins er 3.7 milljónir fyrir tímabilið janúar – september 2013. Taka þarf tillit til að sveiflur



eru miklar hjá málaflokkum og tekjur árstíðabundnar. Skipta þarf tekjum og gjöldum vegna sóknaráætlunarverkefna niður á svið. Einnig þarf að huga að því að skipta þarf niður launakostnaði á milli símenntunar og háskóla&rannsókna þar sem starfsmenn flæða á milli sviða.

Stjórn óskar eftir upplýsingum um forsendur tekjufrávika og kostnaðarfrávika.

Stjórnarformaður óskar eftir að 4.dagskráliður verði tekinn til umræðu þegar liður þrjú var ný byrjaður þar sem formaður fagráðs var mættur, engar athugasemdir eru gerðar við það.

3. **Fulltrúar fagráðs Abr., mæta til fundar við stjórn (sjá bókun í fg. Fagráðs 10.okt)**
Formaður fagráðs Rannveig Þórhallsdóttir mætir og í síma eru Kolbrún Halldórsson og Jón Þórðarson.

Rætt var um stöðu á stefnumótunarvinnu Austurbrúar. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir að byrjað var í stefnumótunarvinnu 18. janúar 2013 með öllum starfsmönnum, hluta af stjórn og fagráði. Gögn frá þeiri vinnu voru lögð í hendur á Sigurður Ólafssyni hjá Gangráði sem vann gögnin frekar. Vinnan hélt áfram um haustið og stefnt er á því að klára þessa vinnu í desember. Unnið er í starfsmannastefna og markmiðasetningu þessa stundina.

Fagráðið hélt vinnufund 16. ágúst 2012 og skilaði til stjórnar Austurbrúar niðurstöðu þess fundar. Kallað er eftir viðbrögðum stjórnar Austurbrúar. Formaður fagráðs kom með tillögu um að fagráðið fengi stefnumótunina til umsagnar áður en hún yrði gerð opinber.

Einnig var rætt um skipurit Austurbrúar og sameiningu sviða.

Karl mun senda gögn til fagráðs varðandi stefnumótunarvinnuna og hugmynd af skipuriti.

Lagt til að flýta fundi fagráðs sem stefnt var á í mars/apríl 2014, t.d. janúar.



4. Skýrsla framkvæmdastjóra um stöður ýmissa mála... (KSG)

- Lagðar voru fram tillögur frá Pipar / Stefnu í hönnun á heildarúltiti Austurbrúar.
Alls komu þrjár tillögur. Umræður.
Ákveðið að vinna frekar með tillögu C og fá frekari útfærslu á henni.
- Farið yfir verkefnastöðu og verkefnin framundan.

5. Greinagerð starfshóps (Þorpið ofl.) staðan og næstu skref

Farið var ítarlegar yfir niðurstöðu starfshópsins og þeirra tillögur.

Stjórn tekur undir niðurstöður starfshópsins.

Formanni stjórnar og framkvæmdastjóra falið að fara yfir tiltekna þætti fjármála CC og Þorpsins fyrir og eftir stofnun Austurbrúar.

Með hliðsjón að tillögum starfshóps og minnisblaðs fulltrúa N&P samþykkir stjórn að unnið verði að stefnumótun í samræmi við verkefni a í tillögu starfshópsins. Óskað er eftir að tímarammi verkefnisins verði lagður fyrir stjórn fyrir lok nóvember.

6. Húsnæðismál Austurbrúar, Vonarland og starfsstöðvar.

a) Starfsstöðvar

Tekið fyrir bréf frá Gauta Jóhannessyni sveitastjóra Djúpavogshrepps þar sem vísað er í að nýir starfsmenn hafa verið ráðnir til Austurbrúar á síðustu mánuðum. Þar er vakin athygli á að við auglýsingu umræddra starfa var í engu leitast við að manna starfsstöðvar Austurbrúar á Seyðisfirði og Djúpavogi, sem hvorug er fullmönnuð.

Arnbjörg leggur fram tillögu um að næstu störf sem auglýst verða hjá Austurbrú, sem eru ekki háð annari staðsetningu, verði með staðsetningu á Seyðisfirði annarsvegar og Djúpavogi hinsvegar.

Samþykkt

Gauti yfirgefut fundinn kl. 18:45



b) Vonarland.

Stefán Bogi gerði grein fyrir verkefninu. Engir verktakar fást í verkefnið núna en einhver möguleiki á því að einn verktaki geti byrjað fyrir áramót. Framkvæmdaráð falið að fylgja þessu eftir.

7. Auðlindin Austurland – ráðstefna – stutt endurmat....

Almennt góður rómur með ráðstefnuna.

Frekar verður fjallað um ráðstefnuna á næsta stjórnarfundi.

8. Önnur mál

- Í kjördæmavikunni var fundur með þingmönnum austurlands þar sem ályktanir SSA voru kynntar. Starfsemi Austurbrúar var einnig kynnt svo og helstu verkefni sem þarf að fjármagna.
- Á fundi með fjárlaganefnd Alþingis var einnig farið yfir ályktanir SSA í stórum dráttum, starfsemi Austurbrúar kynnt og helstu verkefni þar.
- Trúnaðarmál – Karl og Anna Dóra víkja af fundi.

Næsti fundur samkvæmt áætlun í lok nóvember.

Fundi slitið kl. 19:45

Valdimar O. Hermannsson

Arnbjörg Sveinsdóttir

Stefán Bogi Sveinsson

Gauti Jóhannesson

Sverrir Mar Albertsson

Þórunn Eymundardóttir